

Dickson gegn Bretlandi

Dómur frá 18. apríl 2006

Mál nr. 44362/04.

8. gr. Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu.

12. gr. Réttur til að stofna til hjúskapar

Fangar. Réttur til tæknifrjógungunar.

1. Málsatvik

Kærendur, Kirk og Lorraine Dickson, eru breskir ríkisborgarar. Hann er fæddur 1972 og er vist-aður í Dovergate-fangelsi í Uttoxeter. Hún er fædd 1958 og býr í Hull.

Árið 1994 var Dickson sakfelldur fyrir manndráp og dæmdur í ævilangt fangelsi, án möguleika á reynslulausn fyrr en eftir 15 ára afplánun. Hann er barnlaus. Árið 1999 kynntist hann Lorraine, í gegnum pennavinasamtök fangelsa, á meðan hún afplánaði einnig fangelsisrefsingu. Árið 2001 giftust þau. Hún átti þrjú börn frá fyrri samböndum.

Parið óskaði eftir tæknifrjógungun til að gera þeim kleift að eignast saman barn, þar sem þeim yrði það annars ómögulegt, miðað við hvenær Kirk Dickson yrði í fyrsta lagi látinn laus og aldur Lorraine. Ráðherra fangelsismála hafnaði beiðni þeirra. Þau skutu málinu til dómstóla en fengu niðurstöðunni ekki hnekk.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur héldu því fram að synjun á tæknifrjógungun bryti í bága við rétt þeirra til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu samkvæmt 8. gr. og rétt þeirra til að stofna til hjúskapar og stofna fjölskyldu samkvæmt 12. gr.

Niðurstaða

Dómstóllinn tók fram að fangar fyrirgerðu ekki réttindum sínum samkvæmt sáttmálanum á meðan þeir afplánuðu fangelsisrefsingu og að rétturinn til tæknifrjógungunar félli undir réttinn til einkalífs og fjölskyldu. Einnig tók dómstóllinn fram að samkvæmt 2. mgr. 8. gr. sáttmálans væri heimilt að takmarka réttindi upp að vissu marki, án þess að slíkt bryti í bága við sáttmálann og að aðildarríkjum hefði verið játað visst svigrúm í því sambandi. Við slíkar takmarkanir þyrfti að gæta jafnt að almannahagsmunum og einstaklingshagsmunum. Þegar um væri að ræða skyldu ríkja til að virða mannréttindi þyrfti einnig að hafa í huga að slíkt mætti ekki leggja ómögulega eða verulega byrði á yfirvöld við að framfylgja þeirri skyldu.

Dómstóllinn benti á að beiðni breskra fanga um tæknifrjógungun væri aðeins samþykkt í sérstökum tilvikum, og þá að teknu tilliti til þeirrar nauðsynjar að viðhalda trausti almennings á refsivörslu-kerfinu sem og velferðar barns sem getið væri á þennan máta og þar af leiðandi hagsmuna samfélagsins í heild. Dómstóllinn benti á að ráðherra fangelsismála hefði farið vel yfir umsókn kæranda og rökstutt niðurstöðu sína vel. Hefðu aðstæður kæranda verið metnar, þar á meðal hversu ólíklegt væri að getnaður tækist eftir lok afplánunar Dickson. Þeir þættir hefðu hins vegar vikið fyrir öðrum mikilvægari hagsmunum. Sérstaklega var litið til eðlis og alvarleika glæpsins sem Dickson framdi og velferðar þess barns sem getið yrði, í ljósi langrar fjarveru föður þess á mikilvægum tíma uppvaxtarára þess og augljósum skorti á nauðsynlegum ráðstöfunum og beinu stuðningsneti fyrir bæði móður og barn.

Dómstóllinn benti einnig á að ákvörðun ráðherra hefði verið tekin til endurskoðunar á tveimur dómstigum og á báðum stigum hefði verið staðfest að sú niðurstaða að synja kærendum um tækni-frjógungun hefði hvorki verið ósanngjörn né í ósamræmi við þau markmið sem leitast væri við að ná.

Í ljósi framangreindra aðstæðna taldi dómstóllinn að ekki hefði verið sýnt fram á að sú ákvörðun að synja parinu um tækni-frjógungun hefði verið byggð á geðþótta né ósanngjörn eða að jafnvægis hefði ekki verið gætt milli almannahagsmuna og einstaklingshagsmuna. Því hefði ekki verið brotið gegn friðhelgi einkalífs og fjölskyldu kæranda í skilningi 8. og 12. gr. sáttmálans.

Þrír dómáramur skiluðu séráliti.